

# Vikufréttir

Vika 41 (07.10. – 11.10. 2019)

## Mánudagur

- ✓ Nemendaverndarráðsfundur kl. 14:00
- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 14:30

## Þriðjudagur

- ✓ 8. bekkur í haustferð í Skorradal.
- ✓ Opnað fyrir skráningu í foreldravíðtöl sem verða 15. október.
- ✓ Verkfærakistan. Námskeið fyrir kennara í 5. til 10. bekk á vegum KVAN kl. 14:30 - 17:00

## Miðvikudagur

- ✓ Lota 1 í vali hjá unglíngastigi byrjar
- ✓ 8. bekkur kemur heim úr Skorradal
- ✓ Stigsfundur á unglíngastigi kl. 14:30

## Fimmtudagur

- ✓ Nemendur í 8. -10. bekk fara á Tæknimessu í Fjölbrautarskóla Vesturlands Akranesi.
- ✓ Þjóðleikhúsið býður unglíngadeildinni á leiksýninguna *Velkomin heim*.  
<http://www.leikhusid.is/syningar/velkomin-heim>
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

## Föstudagur

- ✓ Námsstefna Skólafélagsins á Selfossi

## Annað:

Hvetjum foreldra/forráðamenn að ná sér í nýja „appið“ frá Mentor sem gefur þeim kost á að fá allar nýjar skráningar frá skólanum beint í símann sinn. Tilkynning kemur þegar skráning hefur farið fram og hægt er að smella á hana til að skoða hana frekar í Mentor. Appið má sækja á App Store og Google Play.

## Spakmæli:

*„Í hvert sinn sem eitthvað gott hendir þig, láttu þá eitthvað gott henda einhvern annan“*

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 15. október. Hver fjölskylda fær sinn viðtalstíma hjá umsjónarkennara. Hér er um kærkomið tækifæri fyrir kennara og foreldra að hittast og ræða um framfarir og líðan nemandans. Þetta eru því mikilvægir fundir sem foreldrar þurfa að nýta vel. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals þennan dag eftir þörfum.

Markmiðið með viðtölum nú er að fara yfir líðan og ástundun nemenda fram að þessu og jafnvel setja niður eigin markmið. Ef önnin hefur ekki byrjað vel verður þetta kærkomið tækifæri til að breyta um stefnu og móta aðgerðir.

Minum foreldra á að skrá sig í viðtal inni á Mentor. Opnað verður fyrir skráningu þriðjudaginn 8. október og lokað fyrir skráningu að kvöldi sunnudagsins 13. október. .

## Lestur

Október er lestrarmánuður í Grunnskólanum í Borgarnesi og við förum saman í lestrarátak. Við leggjum alltaf áherslu á lestur í skólanum hjá okkur en nú ætlum við að bæta í og hefja lestrarátak á yngsta og mið stigi skólans. Október er því tileinkaður lestri hjá okkur

Við viljum endilega fá ykkur foreldra/forráðamenn með í átakið og biðjum ykkur því að taka þátt í þessu með okkur. Ætlunin er að fara af stað með hraðlestrarnámskeið og á næstu dögum koma nemendur heim með hraðlestrarhefti sem lesa á í heima.

Hraðlestrarnámskeiðið byggir á því að nemendur lesa heima í viðbót við sinn venjulega heimalestur. Þetta er ekki mikil viðbót þar sem einungis er lesið í 3x1 mínútu á dag í heftinu, tekinn tími og talin lesin orð. Krakkarnir eru í raun að keppa við sig sjálf og hægt er að gera þetta að skemmtilegum leik. Einnig er hægt að gera samning við þau og þegar nemandi hefur lokið lestri allra texta þá gera foreldrar og nemandi eitthvað saman. Það er í sjálfu sér ákvörðun hverrar fjölskyldu fyrir sig. Munið bara að stilla verðlaunum í hóf og við mælum frekar með samverustund en hlutum.

Leiðbeiningar varðandi framkvæmd námskeiðsins er að finna á forsíðu heftisins. Einnig getið þið haft samband við kennara ef eitthvað er óljóst. Vonum að þið takið vel í að vinna að þessu átaki með okkur og munið að æfingin skapar meistarann jafnt í lestri sem öðru.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir